

3. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um niðurfellingu fjárframlaga til framboðslista á árinu 2010

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Þegar ég flyt tillögu mína um niðurfellingu fjárframlaga til framboðslista og framboðsflokka hér í borginni vil ég leyfa mér að lýsa þeirri ósk og von að þeir sem lengi höfðu hlustað á fundinn hafi vaknað við þessa umræðu sem var þó allavega snörp og málefnaleg, það er meira heldur en hægt er að segja um þriggja klukkutíma umræðu hér á undan. Tek það hins vegar fram að gagnrýninni var ekki beint að Vinstri grænum og Samfylkingu heldur augljósum tögum og inn á skiptingu Sjálfstæðismanna og það kostar mikið fé að skipta svo oft varamönnum inn á bekkinn hjá Sjálfstæðismönnum, þeir eru að hugsa um eitthvað annað en fjárhag borgarbúa.

Ég ætla að hefja umræðuna og flytja tillögu mína um niðurfellingu fjárframlaga til framboðslista á árinu 2010. Og af gefnu tilefni vísa ég til bókunar sem ég flutti í borgarráði og bæti við hana þannig til að gera mál mitt sem allra styst og markvissast, þá legg ég fram svohljóðandi bókun, með leyfi forseta:

Á fundi borgarráðs 7. janúar síðastliðinn lagði ég fram svohljóðandi tillögu ásamt bókun:

Borgarráð Reykjavíkur samþykkir að fjárframlög borgarinnar til F-listans vegna árana 2009 og 2010 renni til Mæðrastyksnefndar.

Greinargerð og bókun sem lögð var fram með tillögunni segir:

Eins og kunnugt er hefur borgarstjórnarflokkur F-listans eitt allra borgarstjórnarframboðanna ekki fengið nein framlög frá borginni til starfsemi sinnar fyrir árið 2009. Á sama tíma hafa hin framboðin í borginni fengið alls ríflega 30 milljónir kr. frá borginni til starfsemi sinnar sem skiptist þannig: B-listi kr. 2.100 þús., D-listi kr. 14,4 milljónir, S-listi kr. 9.200 þús., V-listi kr. 4.500 þús. F-listi fékk eins og áður segir engar greiðslur frá borginni fyrir árið 2009 en hefði miðað við fylgi átt að fá tæplega 3,4 milljónir kr. Samanlögð greiðsla til hinna borgarstjórnarframboðanna nemur, eins og að framansögðu er ljóst og þegar samlagning á tölum er fyllilega kláruð, kr. 30 milljónir 221 þús. Tillaga F-listans gerir ráð fyrir því að auk framlagsins fyrir árið 2009 að upphæð tæplega 3,4 milljónir kr. renni áætlað framlag fyrir fyrrihluta ársins 2010 að upphæð tæplega kr. 1,7 milljónir kr. eða alls um það bil 5,1 milljón til Mæðrastyksnefndar. Með því nýttist framlagið til þeirra málefna velferðar og réttlætis í borginni sem að F-listinn hefur lagt svo mikla áherslu á – ekki aðeins í orði heldur einnig í verki. Að

vísu hafa önnur framboð gefið sig út fyrir það sama, en þegar að verkin tala snýst forgangs röðun þeirra um að halda uppi rándýrum framkvæmdum, framkvæmdum við flotræfilsverkefni í borginni samanber Tónlistar- og ráðstefnuhúsið við höfnina, en svelta velferðar- og menntakerfið í borginni og segja þar upp fólki. F-listinn skorar hér með á hin borgarstjórnarframboðin að láta framlög borgarinnar til þeirra vegna fyrrihluta ársins 2010 renna til Mæðrastyrksnefndar eins og F-listinn hyggst gera. Ef til þess kæmi myndi Mæðrastyrksnefnd fá upphæð sem næmi rösklega kr. 15 milljónir auk þess kr. 5 milljónir framlags sem F-listinn afsalaði sér. F-listinn vekur athygli á því hvílkur mismunur á sér stað á milli framboðanna varðandi fjárhagslegt bolmagn til starfsemi þeirra. Þannig hefur verið upplýst að árið 2006 fékk hinn sáralitli Framsóknarflokkur með aðeins 6% fylgi í borginni framlög frá fyrirtækjum og auðmönnum úti í bæ 182 milljónir króna, ég endurtek smáflokkurinn fékk 182 milljónir kr. í framlög fyrir utan borgarstjórnarstyrkinn. Samfylkingin sem er fjórfalt stærri flokkur en Framsóknarflokkurinn fékk verulega minna styrkjafé frá svipuðum aðilum eða 128 milljónir kr. Óljóst er um upphæðir sem runnu til Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna en þó er ljóst að þar er um upphæðir að ræða sem nema tugamargfeldi af þeim upphæðum sem Frjálslyndi flokkurinn fékk á sama tíma. Fátt sýnir betur hvílíkt bananalýðveldi Ísland er orðið og varla er hægt að bera starfsemi Framsóknarflokksins við neitt sem eðlilegt getur talist. Þann flokk verða Reykvíkingar að þurrka út í næstu kosningum ef þeir ætla að telja sig meðal siðmenntaðra þjóða. Borgarstjórnarflokkur F-listans væntir þess að borgaryfirvöld reyni ekki að koma þeim 5 milljónum kr. sem borgarstjórnarframboði F-listans var ætlað vegna árana 2009 og 2010 í hendur hins gjaldþrota Frjálslynda flokks sem sprakk á táknrænan hátt á sjónvarpsskjáum landsmanna um áramótin. Upphæðir sem gætu nýst þeim sem lakast standa í Reykjavík og enn lakar vegna þess hruns sem einkavina og spillingarfléttur Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hafa valdið þjóðinni mega ekki komast í hendur óráðsía manna á borð við formann Frjálslynda flokksins. Hann mun hins vegar nú skömmu fyrir jól hafa átt leynilegan fund með borgarstjóra og borgarlögmanni þar sem lagt var á ráðin hvernig hugsanlega væri hægt að koma styrknum sem ætlaður var borgarstjórnarframboði F-listans í hendur formannsins. Ef það gengur eftir nýstast fjármunir borgarbúa svo sannarlega öðrum en þeim sjálfum. Það er því sérstakt áhyggjuefni að í bréfi borgarlögmanns til samgönguráðuneytisins, en þangað hyggjast borgarstjóri og borgarlögmaður vísa málinu, segir borgarlögmaður að sá sem hér talar og fleiri meðlimir í F-listanum hafi sagt sig úr F-listanum, sem er hreint og beint bull. F-listinn var stofnaður með því að sá sem hér talar sem óháður borgarfulltrúi F-listans með Margréti Sverrisdóttur úr Frjálslynda flokknum. Þannig að það hefur alltaf verið hefð fyrir því að óháðir og meðlimir Frjálslynda flokksins væru í F-listanum og nær allir þeir sem skipa F-listann með þeim sem hér talar í dag eru í Frjálslynda flokknum en styðja líka allir sem einn þann sem hér talar til að leiða F-listann í borgarstjórn. Enginn þeirra vill sjá eða heyra af formanninum sem hefur komist upp með að þjófkenna þann sem hér talar og ætti þó sá sem hér talar síðastur að vera í röðinni að vera borinn á hann þjófnður. Í tengslum við tillöguflutning minn mun ég leggja fram öll gögn varðandi nýtingu þeirrar greiðslu að upphæð tæplega 3,4 milljónir sem Borgarmálafélag F-listans með kennitöluna 421298-2549 og ég tek fram að þetta er ekki kennitala Ólafs F. Magnússonar eins og Guðjón Arnar Kristjánsson heldur fram, kennitalan 421298-2549 fékk á reikning sinn nr. 12841 í Spron síðar Kaupþing og Arion hinn 20. júní 2008. Reikningurinn hefur verið óhreyfður síðan

Í mars mánuði árið 2009 það sem borgaryfirvöld hafa í raun komið í veg fyrir að borgarstjórnarframboð F-listans gæti haft neina fjármuni til ráðstöfunar. Staða reikningsins við síðastliðin áramót var kr. 3 milljónir 165 þús., sú staða væri ekki fyrir hendi ef peningarnir hefðu komist í hendur óráðsúfólksins á skrifstofu Frjálslynda flokksins eða farið um gráðugar hendur núverandi stjórnenda Reykjavíkurborgar. Það hefur nú gerst á borgarstjórnarfundi í dag, að lögð verður fram tillaga um fjárhagsstuðning við þjáða íbúa Haítí. Ég fagna ekki aðeins tillögunni heldur hvet flokkana hér í borgarstjórn til að falla frá því að taka við háum fjárhæðum til rekstrar borgarstjórnarflokkanna a.m.k vegna ársins 2010 og upphæðum sem nema um 15 milljónum kr. Fjórflokkurinn þarf ekki á þessum peningum að halda þeir hafa tugamargfeldi úr meiri fjármunum að spila heldur en borgarstjórnarframboð F-listans. Látið gott af ykkur leiða ágætu fjórflakksfulltrúar. Látum þá fjármuni sem ættu samkvæmt fjárhagsáætlun að renna til borgarstjórnarflokkanna og framboð í borgarstjórn á árinu 2010 renna til hjálparstarfsemi á Haítí og ég ítreka ósk mína um að ætlað framlag til F-listans vegna ársins 2009 að upphæð tæplega kr. 3,4 milljónir renni til Mæðrastyksnefndar ef ekki þá bið ég ykkur borgarfulltrúa að gera okkur kleift að láta þessa fjárhæð líka fara í söfnunina til Haítí, við kærum okkur ekki um þessa peninga en það væri nánast glæpsamlegt að henda þeim í þrotabú óráðsúflokksins sem hefur aðsetur hér við Austurvöll enn þótt enginn fylgi Frjálslynda flokknum lengur að málum sem ég þekki.

En ég breyti því tillögu minni með svofelldu orðalagi, með leyfi forseta, tillagan hljóði svo:

Ég bið ykkur að hlusta – ég er að byrja að lesa upp tillöguna í breyttri mynd, vegna þeirrar ánægjulegu innkomu sem kom hér með ræðu Þorleifs Gunnlaugssonar borgarfulltrúa Vinstri grænna í upphafi fundar.

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að framlög til borgarstjórnarflokka vegna ársins 2010 verði felld niður og samsvarandi upphæð verði þegar í stað greidd út til hjálparstarfs á Haítí. Auk þess samþykkir borgarstjórn að framlag borgarstjórnar að upphæð kr. 5 milljónir til F-listans vegna árána 2009 og 2010, og þar sem framlag vegna ársins 2009 hefur enn ekki verið greitt renni til Mæðrastyksnefndar vegna ársins 2009 eða þá til hjálparstarfa á Haítí.

Ég legg fram þessa tillögu og vona að menn noti ekki einhver formsatriði til að koma í veg fyrir það að þeir fjármunir ætlaðir voru F-listanum megi nýtast í velferðarmál og hjálparstarf fremur en þeir lendi í höndum óráðsúfólksins á skrifstofu Frjálslynda flokksins.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

3. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um niðurfellingu fjárframlaga til framboðslista á árinu 2010

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég hef orðið vitni á vettvangi borgarráðs að deilum Ólafs F. Magnússonar og Frjálslynda flokksins um framlag til borgarstjórnarflokks Ólafs og satt best að segja á ég ennþá frekar erfitt með að átta mig á því máli, en hins vegar hef ég sannreynt það að Ólafur sækir ekki málið fyrir sig eða raunverulega endilega fyrir sinn borgarstjórnarflokk þó að reglan hafi verið sú hingað til að oddviti borgarstjórnarflokksins tekur við framlögum til borgarstjórnarflokksins og þá í þessu tilfelli hefði það væntanlega átt að vera borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon. Mér hefur fundist tillaga Ólafs og ég hef tjáð mig um það í borgarráði að tillaga hans um að þessi deila milli Frjálslynda flokksins og borgarstjórnarflokks Ólafs yrði leyst á þann háttinn að þetta fjármagn renni til Mæðrastyrksnefndar mér finnst það bara mjög fín lausn og mér finnst að Ólafur ætti að tala fyrir henni þá eða kannski einhver milligöngumaður hans á milli Frjálslynda flokksins og hans og reyna að finna þessa lausn, sem mér finnst vera nokkuð góð. En ég ætla svo sem ekkert að fara meira inn í það mál.

Hins vegar vil ég tjá mig um fjárframlög til stjórn málaflokka. Þannig er að núna eftir að það var skorið á fjárframlögin um 12% í fjárhagsáætlun þá eru fjárframlög til stjórn málaflokka eða borgarstjórnarflokka í Reykjavík tæplega 30 milljónir ef mér skjátlást ekki og satt best að segja finnst mér það vera of há upphæð. Þannig er að þetta er framsett sem fjármunir til borgarstjórnarflokka til þess að þeir geti fengið sérfræðiaðstoð og vissulega er þörf á því fyrir borgarstjórnarflokka sérstaklega borgarstjórnarflokka minnihlutans, einfaldlega vegna þess að í þessu apparati sem við erum í í dag þá er meirihlutinn með fullan aðgang einhvern veginn að öllum embættismönnum og með þá sér við hlið allan tímann meðan aðgangur minnihlutans að embættismönnum er verulega skertur. Þetta höfum við rætt ítrekað í borgarstjórn og fulltrúar bæði minnihlutans og meirihlutans hafa tjáð sig um það að þessu þurfi að breyta. Þetta er fyrirkomulag sem fulltrúar sem ég hef kynnst, kjörnir fulltrúar í öðrum borgarstjórnnum, þekkja ekki. Þetta mikla vægi meirihlutans og litla vægi minnihlutans sem er raunverulega ólýðræðislegt. En þá aftur að fjárframlögum til borgarstjórnarflokka. Við lögðum til, borgarstjórnarflokkur Vinstri grænna, við gerð fjárhagsáætlunar að þetta framlag

yrði minnkað um helming ofaní tæpar 15 milljónir kr. og því yrði síðan skipt á sama hátt og nú er á milli borgarstjórnarflokka.

Ég vek athygli á því að þessari tillögu var vísað til forsætisnefndar og þar er hún í meðförum. Það er ýmislegt óljóst í mínum huga og við erum með fyrirspurn í forsætisnefnd um hvað varð til þess að þessi upphæð var ákveðin, ég hef ekki séð nein sérstök rök fyrir því í sjálfu sér af hverju þessi upphæð en ekki einhver önnur og svo höfum við beðið um að fá samanburð við önnur sveitarfélög og hvernig önnur sveitarfélög haga þessum málum, og þessi tillaga sem sagt liggur ennþá fyrir forsætisnefnd og ég er satt best að segja er að vona að hún verði samþykkt. Vegna þess að ef að borgarstjórnarflokkarnir fá allir minna fé þá verður kosningabaráttan bara þeim mun lágreistari og að mínu mati er það allt af hinu góða. Og það er raunverulega komið kannski að því, við höfum verið á þeim tímum sem að lýðræðið í flokkunum hefur alltaf verið að minnka. Mikilvægi flokksmannanna í flokksstarfinu er stöðugt að minnka vegna þess að flokkurinn hefur verið að fá svo mikið fé, bæði á þennan háttinn og síðan frá einkafyrirtækjum og þá er auðveldara að nota bara peninga í spunameistara og auglýsingastofur og sérfræðinga heldur en að þurfa að vera að dýla við sjálfbodaliða úr röðum flokksmanna og þetta er að mínu mati óhollt fyrir pólitíkina og það væri bara ágætt að snúa til baka til dæmis með því að lækka framlag til borgarstjórnarflokka um helming.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Þá tekur borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir til máls.

3. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um niðurfellingu fjárframlaga til framboðslista á árinu 2010

Jórunn Frímansdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla að lesa hér frávísunartillögu meirihlutans vegna framkominnar tillögu Ólafs F. Magnússonar borgarfulltrúa en hún hljóðar svo:

Í lögum um fjármál stjórnarmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra nr. 162/2006 segir í 5. gr.; að sveitarfélag með fleiri en 500 íbúa sé skylt að veita stjórnarmálasamtökum fjárstuðning sem fengið hafa a.m.k. einn fulltrúa kjörinn. Í fjárhagsáætlun vegna ársins 2010 er gert ráð fyrir fjárstuðningi til framboðanna í Reykjavík, en hann lækkaði um 12% á milli ára. Með vísan til þessa er lagt til að tillögunni verði vísað frá.

Forseti: Borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að taka til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

3. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um niðurfellingu fjárframlaga til framboðslista á árinu 2010

Ólafur F. Magnússon: Forseti. Það er svolítið vandræðalegt að þessum styrkjum var ætlað að styðja við starfsemi borgarstjórnarflokka kannski frekar að minnka ójafnvægi og ójafnræði meðal þeirra heldur en að auka það, en styrkirnir hafa núna náð þeirri andhverfu sinni að auka mismunun til borgarstjórnarframboða. Langfjársveltasta framboðið í borginni er F-listinn, því er ekki ætlað að fá nein framlög fyrir 2009 og 2010 og við viljum beita okkur fyrir því að þessi fjármunir renni til góðra mála, eins og tillaga mín ber vott um. En það er sárt að sjá það ef fjórflokkurinn í borgarstjórn vill ekki sjá af þessum peningum, svo mikið er víst að hinir moldríku Framsóknarmenn og Sjálfstæðisflokkurinn líka hafa enga þörf fyrir þessa peninga, þeir hafa varla annað að gera út þetta kjörtímabil en að telja peninga svo mikið er fjárstreymið til þessara flokka.

Hvað á það að þýða þá að við sem af göfuglyndi og heiðarleika viljum sjá til þess að þetta fé sem að okkur er ætlað renni til góðra mála, við virðumst einir ásamt borgarfulltrúa Vinstri grænna Þorleifur Gunnlaugsson sjá að farið sé með þetta fé í þágu annars en til að auka mismunun á milli borgarstjórnarflokkanna hér í borginni. Og ég segi enn og aftur svo það sé alveg skýrt, við í F-listanum sækjumst ekki eftir frekari fjármunum en við fengum vegna ársins 2008, enda höfum við staðfastlega neitað að greiða slíka fjármuni í eigin vasa nokkurs, aðeins einn úr okkar framboði Ásta Þorleifsdóttir lagði fram reikning sem hún vildi fá greiddan í eigin vasa fyrir 400 þús. kr. vegna meints skrifstofukostnaðar og bifreiðakostnaðar og við öll sem eitt neituðum staðfastlega að greiða pening í eigin þágu nokkurs sem að framboðinu kom.

Við erum að verja þessum peningum núna hratt og örugglega til að kynna okkar málstað, veitir ekki af og sjáum því miður fram á það að ef við gerum það ekki núna þá verðum við til með stuðningi borgarstjóra og milligöngu borgarlögmanns reynt að ná ekki bara 2009 og 2010 framlögum undir Framsóknarflokkinn heldur líka hirða þetta litla framlag sem við höfum með að gera og úr vinna og láta líka vini Sjálfstæðisflokksins við Austurvöll Guðjón Arnar Kristjánsson og co. fá þessa peninga inn í sitt þrotabú. Og hvar á það að komast fyrir, er þessi flokkur

ekki sprunginn eins og við sáum í beinni útsendingu, hvert skyldu fjármunir renna nema í vasa formannsins og félaga hans.

Við þurfum á 2008 framlaginu að halda til þess að kynna okkar stefnu sem á undir högg að sækja og menn sáu það hér í dag í umræðum að það var reynt að svæfa umræðu hér í borgarstjórn í þrjá tíma til þess að tillaga okkar um vantraust á borgarstjóra fengi enga athygli í fjölmiðlum. Við höfum átt mjög erfitt með að ná í gegn í fjölmiðlum tillögum okkar og það eru aðeins þeir sem lesa reglulega fundargerðir borgarstjórnar og borgarráðs sem vita það að sá sem hér talar er einn af lang-, langsamlega virkustu borgarfulltrúunum í tillöguflutningi hér í borgarstjórn, þrátt fyrir að hann sé að gegna fullu læknisstarfi meðfram borgarfulltrúastarfinu, svo að því sé til haga haldið og kannski enn brýnna að því sé til haga haldið af því að eineltisklúbburinn 14-1 hér í borgarstjórn sem flestir hafa verið meðlimir í hann hefur markvisst reynt að gefa þá mynd af þeim sem hér talar í fjölmiðlum að hann sé aflóga geðsjúklingur og vitleysingur.

Og ég get alveg sagt það að það sem mínu fólki sem ég sinni sem læknir finnst um svona fólk, eins og mörg ykkar hér í borgarstjórn hafa verið gagnvart mér, ég ætla ekki að viðhafa þau orð þau væru bönnuð af forseta, orðaforði til þessa fólks hér í Borgarstjórn Reykjavíkur. En ég legg áherslu á það að fjórflokkurinn allur sem einn sjái af rekstrarframlagi sínu fyrir árið 2010 í þágu íbúa Haítí, þetta er sjálfsagt mál og sjái líka að sér varðandi það að vísa frá tillögu okkar að 2009 framlagið sem ætlað var borgarstjórnarframboði F-listans fái að renna til velferðarmála, annað hvort Mæðrastyrksnefndar eða til íbúa Haítí. Ég mun greiða sjálfur úr eigin vasa framboð þeirra aðila sem standa að óháðum og frjálslýndum í F-listanum núna, við verðum öll sem eitt í nýju framboði H-listans og að sjálfsögðu munum við ekki eyða fjármunum úr vasa neins annars en þess sem hér stendur til framboðs H-listans í vor, mun að sjálfsögðu hvergi láta peninga F-listans eða því sem að á einhvern hátt gæti verið vafasamt renna til okkar sjálfra eða til kosningabaráttu. Þegar að þar að kemur mun ég hvorki taka við framlögum né láta önnur atriði trufla þá kosningabaráttu sem verður í takt við okkar hugsjónir og ég mun greiða alla reikninga úr eigin vasa.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu og fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Þá verður gengið til atkvæða um frávísunartillöguna. Þeir

Bstj. 19. janúar 2010

sem að samþykkja frávísunartillöguna sem að hér var kynnt áðan. Þeir sem að samþykkja nafnakall gefi merki. Er einhver á móti? Það er fellt að hafa nafnakall. Þeir sem samþykkja nafnakall gefi merki. Nei, sem samþykkja frávísunartillöguna, fyrirgefið þið, ekkert skrýtið að maður sé orðinn þreyttur svolítið. Þeir sem að samþykkja þessa ágætu frávísunartillögu sem hér var flutt áðan gefi merki. Þeir sem að samþykkja hana gefi merki. Þeir sem að greiða atkvæði gegn tillögunni [frammikall]. Tillagan er samþykkt með 8 atkvæðum gegn 1, aðrir sitja hjá. Og borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir að leggja fram bókun í tilefni þess að tillaga um frávísun var felld – nei samþykkt. Tillaga um frávísun var samþykkt, átta atkvæði gegn einu.